


Sameiginleg viljayfirlýsing
félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og
Sambands íslenskra sveitarfélaga
vegna átaks um eflingu sveitarstjórnarstigsins

Aðilar þessarar yfirlýsingar eru sammála um að vinna markvisst að eflingu sveitarstjórnarstigsins í samræmi við sameiginleg áform þeirra þar að lútandi. Það verði gert með því að færa verkefni til sveitarfélaga, tryggja sveitarfélögunum eðlilega tekjustofna vegna nýrra verkefna og að stuðla með þeim hætti enn frekar að sameiningu sveitarfélaga. Á komandi mánuðum verði lögð áhersla á eftirfarandi atriði í þeirri vinnu:


1. Haldið verði áfram vinnu við að skoða kosti þess að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Í upphafi verði lögð sérstök áhersla á verkefni á sviði velferðarmála.
2. Lagt verði mat á fjárhagsleg áhrif tillagna um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og áætlun gerð um gildistöku þeirra breytinga. Jafnhliða verði tekin afstaða til mismunandi leiða til að tryggja sveitarfélögum nægilegt fjármagn til að sinna nýjum verkefnum.
3. Tekjustofnanefnd fjalli um horfur í fjármálum sveitarfélaga með sérstaka áherslu á að skoða þau sveitarfélög og svæði sem standa höllum fæti fjárhagslega, meta ástæður fyrir þeim vanda og að gera tillögur sem leitt geta til úrbóta. Í þeirri vinnu verði einkum tekin afstaða til eftirfarandi atriða:
 - Hvort rýmka beri heimildir sveitarfélaga til nýtingar núverandi tekjustofna.
 - Hvort til álita komi að marka sveitarfélögum nýja tekjustofna.
 - Hvort ójafnræðis gæti í tekjumöguleikum sveitarfélaga og hugsanlegrar breytingar á jöfnunarkerfi í því sambandi.
 - Hvort Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði markaðir nýir tekjustofnar, m.a. í tengslum við fækkun undanþága frá fasteignaskatti.
4. Tillögur um sameiningu sveitarfélaga verði kynntar nú þegar fyrir sveitarstjórnnum og almenningi. Gefinn verði tveggja mánaða frestur til athugasemda áður en sameiningarnefnd gengur frá endanlegum tillögum.
5. Endanlegar tillögur um verkefnaflutning og breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga verði kynntar með hæfilegum fyrirvara áður en til allsherjar atkvæðagreiðslu kemur um tillögur til sameiningar sveitarfélaga í apríl 2005.
6. Í tengslum við fækkun og eflingu sveitarfélaga getur skapast aukin þörf fyrir fjármagn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að aðstoða einstök sveitarfélög við sameiningu í samræmi við reglur sjóðsins. Þeirri fjárþörf verði mætt með





framlögum úr Jöfnunarsjóði og, ef þörf krefur, með framlögum úr ríkissjóði á árunum 2005 – 2009, sbr. fyrirbyggjandi áætlun Jöfnunarsjóðs.

7. Samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðaður fyrir árslok 2004. Þar verði lögð áhersla á að gera samráð og samstarf ríkis og sveitarfélaga um efnahags- og kjaramál og fjármálaleg samskipti skilvirkara en nú er og að samskiptareglur þessara aðila taki mið af síauknu mikilvægi sveitarfélaga sem veitenda opinberrar þjónustu.

Reykjavík, 17. september 2004.


Árni Magnússon félagsmálaráðherra


Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, form.
Sambands íslenskra sveitarfélaga


Geir H. Haarde, fjármálaráðherra